

<b>10</b>	til fullra 12 ára aldurs. . . . .	40 kr.
14. jan.	— — 16 — — . . . . .	30 —
<b>28.</b>	<b>Mýrasýsla:</b>	
	til fullra 3 ára aldurs. . . . .	110 —
	— — 10 — — . . . . .	90 —
	— — 14 — — . . . . .	80 —
	— — 16 — — . . . . .	5 —
<b>29.</b>	<b>Borgarfjarðarsýsla:</b>	
	til fullra 4 ára aldurs. . . . .	110 —
	— — 10 — — . . . . .	75 —
	— — 14 — — . . . . .	65 —
	— — 16 — — . . . . .	5 —

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, sem hlut eiga að máli.

**I stjórnarráði Íslands, 14. janúar 1915.**

F. h. r.

**Kl Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

**11**  
15. jan.

## **Reglugjörð**

**um breyting á og viðauka við endurskoðaða reglugjörð fyrir  
Landsbankann í Reykjavík frá 18. október 1911.**

1. gr.

Þeim, er í fyrsta sinn leggur fje inn með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiftabók, sem hann greiðir 25 auru fyrir. Bankastjórnin ákveður, hvort sú borgun er tekin fyrirfram eða þegar bókin er útskrifuð eða ónýtt.

Í hvert skifti, sem fje er lagt inn eða tekið út úr sparisjóði, skal það um leið vera ritað í viðskiftabókina. Þó má í sjerstökum tilfellum taka við fje án þess bókin sje sýnd, gegn kvittun bókara og gjaldkera.

Heimilt er að stofna sjerstaka deild við sparisjóðinn þar sem taka má við **11** innlögum og ávísá innstæðuna án þess viðskiftabókin sje sýnd. Skulu slik inn- 15. jan. lög og útborganir færast í viðskiftabókina, þegar hún er næst sýnd í bankanum. Viðskiftabækur við þá deild skulu greinilega bera með sjer að gefa megi út ávísanir á innstæðuna.

Fyrir innlögum og útborgunum kvittar bókari og gjaldkeri í viðskiftabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni.

Það er eigi á ábyrgð bankans, þótt handhafi viðskiftabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fje það, er viðskiftabókin hljóðar um eða eitthvað af því. Sama gildir og um falskar ávísanir á sparisjóðsinnstæðu, ef fram kynnu að koma.

Vexti skal innfæra í viðskiftabækurnar, þegar þær í fyrsta skifti eftir 14. jan. ár hvert eru sýndar í bankanum. Bankastjórnin lögildir viðskiftabækurnar.

### 2. gr.

Stjórn bankans er heimilt að setja á stofn afgreiðslustofu erlendis á þeim stað og tíma, er bankastjórninni þykir til þess hagkvæmur.

### 3. gr.

28. gr. endurskoðaðrar reglugjörðar fyrir Landsbankann í Reykjavík 18. okt. 1911 er hjermeð úr gildi numin.

Framanskráð reglugjörð er hjermeð útgefin samkvæmt lögum nr. 14, 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, lögum nr. 12, 9. júlí 1909, og nr. 28, 22. okt. 1912, um breyting á fyrstnefndum lögum.

**Í stjórnarráði Íslands, 15. janúar 1915.**

**Sig. Eggerz.**

*Jón Hermannsson.*